

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Galtalækjarskógur, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 28. maí 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Galtalækjarskóg. Gert er ráð fyrir eftirfarandi uppbyggingu innan svæðis: Reitir F43 og F82, frístundasvæði: 51 frístundalóð 0,2-0,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að byggð verði sumarhús, gestahús og geymsla á hverri lóð, stærðir samkvæmt nýtingarhlutfalli. Reitur VP7, verslunar- og þjónustusvæði: Heimild er fyrir allt að 170 gistiþláss, þ.e. í núverandi gistihúsi í Lönguhlíð auk hótels og lítilla gistiskála. Gert verði ráð fyrir að opið svæði, OP1, haldist óbreytt og óraskað. Gert verði ráð fyrir tveimur leiksvæðum með tækjum og útivistaraðstöðu. Aðkoma að svæðinu verður með tvennum hætti. Annars vegar frá núverandi aðkomuvegi frá Landvegi og leiðir hún að frístundabyggðum og þjónustumiðstöð við Merkihol. Ný aðkoma mun leiða frá Landvegi og að gistihúsi/hóteli við Lönguhlíð og smáhýsum og verða að flóttaleið. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 13. júní 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 30. júní 2025